



## Tillaga

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Efni: Tillaga varðandi framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla í Reykjavík vegna reksturs frístundaheimila**

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að heimilt verði að framlengja þegar gerða samninga sem giltu til 10. júní 2021 um framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila þeirra þannig að þeir gildi til 7. júní 2023. Við bætast því skólaárin 2021 – 2022 og 2022 – 2023 en uppgjör hefur nú þegar farið fram vegna skólaársins 2021 – 2022. Um er að ræða sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík með börn með lögheimili í Reykjavík í 1. til 4. bekk en þetta eru Barnaskóli Hjallastefnunnar, Landakotsskóli, Skóli Ísaks Jónssonar og Waldorfskólinn Sólstafir. Jafnframt er lagt til að samþykkt verði að gera samning um framlag vegna reksturs frístundaheimilis Suðurhlíðarskóla vegna barna í 1. til 4. bekk vegna skólaáranna 2021 - 2022 og 2022 -2023. Í öllum tilvikum er gerður fyrirvari um að uppfyllt séu skilyrði sem fram koma í þjónustusamningi vegna reksturs frístundaheimila og að til staðar sé viðurkenndur þjónustusamningur um rekstur grunnskóla í Reykjavík.

### **Greinargerð:**

#### *I Forsaga málsins*

Á 154. fundi skóla- og frístundaráðs þann 28. febrúar 2019 var samþykkt að gerður verði þjónustusamningur við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík vegna reksturs frístundaheimila þeirra, svo fremi sem þeir uppfylla skilyrði samkvæmt drögum að samningi og væru með viðurkenndan þjónustusamning um rekstur grunnskóla í Reykjavík. Afgreiðslan var samþykkt í borgarráði þann 28. mars 2019.

Í kjölfarið voru gerðir samningar með gildistíma frá 20. ágúst til 10. júní 2021 við eftirtalda aðila:

Landakotsskóla ses, kt. 660505-1210

Hjallastefnan Grunnskólar ehf, kt. 550119-0210

Skóla Ísaks Jónssonar ses, kt. 600269-4889

Waldorfskólann Sólstafi ses, kt. 430694-2199

#### *II Efndir samnings – úttekt á frístundaheimilum*

Í 7. gr. samninga vegna frístundaheimila er kveðið á um að á samningstímanum fari fram úttekt/ytra mat á starfsemi frístundaheimilisins. Í samræmi við þetta hefur verið framkvæmd úttekt á starfsemi frístundaheimila Skóla Ísaks Jónssonar, Landakotsskóla og Barnaskóla

Hjallastefnunnar. Við úttektina voru viðmið um gæði frístundaheimila útgefin af mennta- og menningarmálaráðuneytinu 2018 höfð til hliðsjónar. Fyrirkomulag úttektarinnar var kynnt fyrir skólastjórum og forstöðumönnum frístundaheimila í Barnaskóla Hjallastefnunnar, Ísaksskóla og Landakotsskóla á rafrænum fundi þann 30. nóvember 2020 og heimsókn var farin í hvert frístundaheimili í eitt skipti eftir hádegi í mars 2021. Auk þess var óskað eftir gögnum frá frístundaheimilinu fyrir heimsóknina, þ.e. útfylltan spurningalista er varðaði ýmsa þætti starfseminnar ásamt tölulegum upplýsingum, aðgerðaráætlun/starfsáætlun frístundaheimilisins, dæmi um viðfangsefni/dagskipulag fyrir einn mánuð eða stakar 4 vikur og annað sem sýnir gæði starfsins.

Í öllum tilfellum kom úttekt ágætlega út, nokkur tækifæri eru til umbóta sem hvert frístundaheimili fékk til úrvinnslu.

### *III Tillaga að samningi til skólaslita vorið 2023*

Lagt er til samningar við ofangreinda aðila verði framlengdir til skólaslita þann 7. júní 2023. \*Tilgreindir aðilar að, undanskildum Waldorfskólanum Sólstöfum, hafa þegar fengið greitt vegna skólaársins 2021 – 2022.

Samningur verði gerður við Suðurhlíðaskóla vegna skólaáranna 2021- 2022 og 2022-2023 vegna 1. til 4. bekkjar enda liggja fyrir umsóknir skólans vegna þessara tímabila en gert er ráð fyrir að um sé að ræða greiðslu framlags vegna þriggja barna.

Þar sem ekki hefur verið framkvæmd úttekt á frístundaheimili Suðurhlíðarskóla og Waldorfskólans Sólstafa er lagt til að kveðið verði á um úttekt á skólaárinu 2022 til 2023 og sett skilyrði um að uppfyllt séu skilyrði um rekstrarfyrirkomulag og innra starf frístundaheimilisins. Samningur við Suðurhlíðarskóla verði sama efnis og við aðra sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík um rekstur frístundaheimila.

Áfram verði við það miðað að framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila þeirra verði byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsnæðiskostnaðar) við börn í borgarrekinum frístundaheimilum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekinna frístundaheimila, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 9,5 mánaða tímabil. Heildarkostnaður (án húsnæðiskostnaðar) við hvert barn er kostnaður pr. barn í 5 daga vistun á viku. Barn sem dvelur í frístundaheimili skemur en 5 daga verði uppreiknað í 5 daga vistun með því að deila í fjölda vistunardaga með 5, barn sem dvelur í 4 daga í viku reiknast sem  $4/5 = 0,8$ , sjá nánar í drögum að samningi.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemi 75% af áætluðum árlegum heildar rekstrarkostnaði á hvert barn borgarrekinna frístundaheimila og endurskoðast árlega, sbr. skilgreiningu í samningi, deilt með 9,5 þ.e. 4,25 mánuðir á haustönn og 5,25 mánuðir á vorönn.

Áætlaður kostnaður við hvert barn í frístundaheimili í Reykjavík vegna skólaársins 2022-2023 er um 27.035 þúsund krónur á mánuði og er því lagt til að greiddar verði kr. 20.276 kr. vegna reykvískra barna í frístundaheimilum sjálfstætt rekinna grunnskóla í Reykjavík vegna skólaársins 2022-2023 með fyrirvara um endurskoðun í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar auk þess sem gerður er almennur fyrirvari um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun.

### *IV Fjárhagsleg áhrif.*

Skóla og frístundasvið fékk 38,7mkr í fjárheimildir fyrir 2020, 2021 og 2022 til að standa undir þessum kostnaði og er fjárheimildin vistuð á kostnaðarstað I7100 á lykli 5620 Einkareknir grunn- og leikskólar.

Árið 2020 greiddi SFS (frístundaskrifstofa) um 36,1 mkr í vistunarframlög, systkinaafslátt og stuðnings til frístundaheimila sjálfstætt rekinna grunnskóla til fjögurra skóla sem gert höfðu samning árið 2019. Greiddar voru árið 2021 44,9 mkr. og vegna ársins 2022 voru greiddar 49,6 mkr. sem er umfram þá fjárheimildir sem skóla- og frístundasvið fékk til að standa undir þessum kostnaði en nýttur var afgangur af fjárheimildum frístundastarfs SFS til greiðslu þessa kostnaðar.

Systkinaafsláttur er miðaður við gjaldskrá borgarinnar og miðað við að 15% barna af heildar barnafjölda fái fullan afslátt en það er skólinn sjálfur sem gefur afsláttinn til foreldra og sendir síðan reikning á borgina.

Áætlað er að rúm 1% barna þurfi stuðning í frístundaheimilum.

<b>Haust 2022</b>				
<b>Barnafjöldi 447 en 376 í frístundaheimilum</b>	<b>Einingarverð</b>	<b>Fj.barna</b>	<b>Fj.mánaða</b>	<b>Heildarverð</b>
Kostnaður á barn m.v. 89% í 5 daga vistun	20.276	335	4,25	28.836.933
Systkinaafsláttur	15.765	50	4,25	3.363.195
Stuðningsþjónusta 1%	283.515	3,3464	4,25	4.032.213
		<b>388,1824</b>		<b>36.232.340</b>
<b>Vor 2023</b>				
<b>Barnafjöldi 447 en 313 í frístundaheimilum</b>	<b>Einingarverð</b>	<b>Fj.barna</b>	<b>Fj.mánaða</b>	<b>Heildarverð</b>
Kostnaður á barn m.v. 89% í 5 daga vistun	20.276	278	5,25	29.644.024
Systkinaafsláttur	15.765	42	5,25	3.457.324
Stuðningsþjónusta 1%	283.515	2,78481	5,25	4.145.061
		<b>323,038</b>		<b>37.246.409</b>

Fjárheimildir skóla- og frístundasviðs ná því til kostnaðarins og ekki þarf að óska eftir viðauka við fjárhagsáætlun vegna hans.